

Miðvikudaginn 11. febrúar 1959.

Nr. 38/1957. **Guðmundur Sveinbjörnsson**

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Kalmani Sigurðssyni

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1957 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 936,55 án vaxta og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Pálmi Einarsson landnámsstjóri segir í vætti, að hann og úttektarmenn hafi framkvæmt landskipti 1928 eða 1929, og hafi þá landi Teigs, er áður nefndist Árnagerði, verið „skipt út og úthlutað Kirkjuvogi II“. Í málinu brestur skýrslur um landréttindi Teigs, þar á meðal beitolandsréttindi, fyrir landskiptin.

Þeir, sem aðstoðuðu aðilja við samningu afsalsins frá 16. október 1941, hafa eigi verið kvaddir vættis um skilning afsalsins.

Stefndi hefur eigi greint nægilega glöggt fyrir dómi, hvern skilning hann lagði í nefnt afsal, er hann veitti því viðtöku, og við hvað hann styður þá skoðun, að hann hafi fengið um einn fjórða hluta af Kirkjuvogi II.

Athugun vettvangs, lýsing og mat á staðhættum skiptir máli við úrlausn máls þessa, og bar því að dæma málið af vettvangsdómi samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919.

Með tilvisan til þess, sem rakið var, verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá bæj- arþingi Reykjavíkur.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða málsmeðferð og dómur eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Kalman Sigurðsson, Stað í Höfnum, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. október 1952, gegn Guðmundi Sveinbjörnssyni, Teigi, Hafna-hreppi, til greiðslu á kr. 4.502,64 með 6% ársvöxtum af kr. 3.750,00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu. Í þinghaldi 8. nóvember 1954 lækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 3.800,23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165,00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krafðist aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda. Með stefnu, út gefinni 19. nóvember 1952, hefur stefndi og höfðað gagnsök og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.750,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsökinni.

Málavextir eru þeir, að hluti af Hafnalandi var tekinn eignarnámi samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá 1941, og með yfirvirðingu, dagsettri 12. janúar 1948, voru bætur til jarðeigenda ákveðnar kr. 136.000,00, og voru bætur þessar greiddar úr ríkissjóði. Með úrskurði gerðardóms, upp kveðnum 23. nóvember 1951, var ríkissjóði gert að greiða eigendum Hafnajarða kr. 28.000,00 í bætur fyrir tjón það, er þeir biðu vegna athafna setuliðs Bandaríkjanna á 1755 ha. lands þeirra á tímabilinu frá 19. maí 1942 til 19. maí 1946. Af bótagreiðslum þessum kom í hlut Kirkjuvogs II kr. 15.000,00 af fyrri fjárhæðinni og kr. 3.010,55 af hinni síðari, og tók aðalstefndi við þeim, enda var hann á sínum tíma þinglesinn eigandi jarðarinnar allrar. Hann hafði

hins vegar selt aðalstefnanda hluta úr jörðinni með afsali, dagsettu 16. október 1941 og innrituðu til þinglýsingar 15. des. s. á., en í afsalinu er hinu selda svo lýst: „Vesturbæjarskák úr jörðinni Kirkjuvogi í Höfnum, og er skák þessi $1\frac{1}{4}$ dagsláttu að stærð. Með í kaupunum er hlutdeild í óskiptu beitolandi jarðarinnar í hlutfalli við stærð hinnar seldu lóðar, enn fremur lóð mín í Norðurhússtúni í sama hreppi.“

Aðalstefnandi taldi sig hafa keypt rösklega $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar og leit svo á, að hann ætti rétt á fjórðungi framangreindra bóta. Gerði hann ráð fyrir, að fyrri greiðslan til aðalstefnda hefði farið fram um 20. sept. 1948, en hin síðari 1. júní 1952, og höfðaði hann síðan mál þetta, eins og fyrr var lýst. Eftir höfðun málsins lét aðalstefnandi dómkveðja matsmenn, er skyldu meta, „hve mikill hluti hið afsalaða land er úr jörðinni Kirkjuvogi II í Höfnum“. Matsgerð þeirra er dagsett 1. sept. 1953, og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að land það, sem aðalstefnandi keypti, væri 21,1% af jörðinni. Hefur aðalstefnandi lækkað dómkröfur sínar til samræmis við matið.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með fyrrnefndu afsali hafi hann aðeins selt aðalstefnanda tiltekna skák, $1\frac{1}{4}$ ha., úr jörðinni Kirkjuvogi II og lóðina í Norðurhússtúni svo og hlutdeild í beitarrétti á óskiptu beitolandi jarðarinnar. Varakröfuna byggir hann á því, að hið selda landssvæði sé aðeins lítill hluti jarðarinnar allrar, í hæsta lagi $\frac{1}{30}$ hluti, og beri því að lækka dómkröfuna sem því svarar. Matsgerðina vefengir hann með þeim rökstuðningi, að matsmenn hafi ranglega miðað hana við ræktað land eingöngu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru á því byggðar, að gagnstefndi hafi sett bát sinn í naust gagnstefnanda árin 1946—1952 að báðum árum meðtöldum, og gerir honum reikning fyrir það með kr. 250,00 gjaldi árlega, eða alls kr. 1.750,00.

Gagnstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann kveðst aldrei hafa notað uppsátur gagnstefnanda.

Um aðalsök.

Svo sem fyrr var sagt, er orðalag afsalsins þetta: „Með í kaupunum er hlutdeild í óskiptu beitolandi jarðarinnar“ Aðalstefndi hefur engin rök leitt að þeirri staðhæfingu, að aðalstefnandi hafi einungis öðlzt hlutdeild í beitarrétti á landinu með kaupunum, og verður aðalkrafa aðalstefnda því ekki tekin til greina. Matsgerð sú, er fyrr var nefnd, er rökstudd þannig, að matsmenn mældu allt ræktað land jarðarinnar, og reyndist

það alls 20.607 m² að flatarmáli. Frá þessari tölu drógu matsmenn 1.976 m², en það var flatarmál spildu, sem aðiljar málsins töldu hafa verið óræktaða, þegar salan til aðalstefnanda fór fram. Niðurstaða matsmanna var því sú, að flatarmál ræktaðs lands hefði verið 18.631 m², þegar aðalstefnandi keypti jarðarhlutann, sem mældist 3.937 m², og reyndist hlutfallstalan því 21,1%. Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og skýrt frá því, að mælingar þeirra hafi verið framkvæmdar að báðum málsaðiljum viðstöddum og að mælt hafi verið allt það land, sem þeim var bent á, og að samkomulag hafi virzt vera með aðiljum að þessu leyti. Matsgerðinni og vætti matsmanna hefur á engan hátt verið hnekkt, og ber því að leggja niðurstöðu þeirra til grundvallar um hlutdeild aðalstefnanda í óskiptu landi jarðarinnar. Verður því að líta svo á, að hann eigi rétt til hlutdeildar í bótafjárhæðum þeim, sem að framan greinir, í hlutfalli því, sem matsmenn hafa ákveðið. Kröfur aðalstefnanda í aðalsök verða því teknar til greina að öllu leyti, enda hafa þær ekki verið vefngdar, að því er varðar útreikning á fjárhæðunum.

Um gagnsök.

Gagnstefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi öll þau ár, sem hér ræðir um, haft á leigu uppsátur og spilstæði Sigurðar nokkurs Benediktssonar, og hefur lagt fram í málinu vottorð þess manns því til stuðnings. Gagnstefnanda hefur ekki gegn þessu tekizt að sanna, að gagnstefndi hafi notað uppsátur gagnstefnanda, og verða kröfur hans í gagnsökinni því ekki teknar til greina.

Málalok verða því þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 3.800,23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165,00 frá 20. sept. 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 3.800,23 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í báðum sökum, er ákveðst kr. 750,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Guðmundur Sveinbjörnsson, aðalstefnanda, Kalmani Sigurðssyni, kr. 3.800,23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165,00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 3.800,23 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, samtals kr. 750,00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1959.

Nr. 12/1959. **Jón Gíslason**

gegn

Þorsteini Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ömerking ákvarðana héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur Hæstaréttar gekk í kærumáli aðilja 3. nóvember f. á., endurtók umboðsmaður sóknaraðilja í greinargerð fyrir héraðsdómi 7. s. m. fyrri kröfu sína um frávisun aðalmáls, ef eigi yrðu lagðar fram fógætadómssgerðir þær, er hann krafðist framlagningar á. Kvaðst hann að lokinni gagnasöfnun mundu krefjast sérstaks úrskurðar um nefnda aðalkröfu sína. Á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. janúar þ. á. lét umboðsmaður sóknaraðilja færa til bókar, að hann teldi gagnasöfnun um aðalkröfu sína lokið, og krafðist þess, að munnlegur málflutningur færi þegar fram um hana. Umboðsmaður varnaraðilja lét þá bóka, að þegar hefði gengið dómur í Hæstarétti um frávisunarkröfu sóknaraðilja, en auk þess hefði hann, — að hann taldi, um skyldu fram — „lagt fram þau skjöl, sem umboðsmaður stefnda hefur byggt frávisunarkröfu sína á, að vantaði“. Í greinargerð til Hæstaréttar 6. þ. m. staðhæfir umboðsmaður sóknaraðilja hins vegar, að enn vanti af dómskjölum lögbannsmálsins a. m. k. skjöl nr. 1—7 auk endurrits af bókun hans fyrir fógætarétti 12. ágúst f. á.